

Persónuverndarstefna Hveragerðisbæjar

Samþykkt: 12.06 2025

Endurskoðun: 12.06 2026

Útgáfa: 1

1. Markmið

Í starfsemi Hveragerðisbæjar er nauðsynlegt að móttaka, skrá, nota, senda og meðhöndla að öðru leyti persónuupplýsingar. Með persónuupplýsingum er átt við öll gögn sem innihalda upplýsingar er varða tiltekinn einstakling. Öll meðferð sveitarfélagsins á persónuupplýsingum þarf að samræmast lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga („**persónuverndarlög**“). Markmið þessarar persónuverndarstefnu er að tryggja að Hveragerðisbær starfi eftir kröfum persónuverndarlaga og þar með rétt einstaklinga til persónuverndar.

2. Umfang

Persónuverndarstefna þessi tekur til allra persónuupplýsinga á ábyrgð Hveragerðisbæjar. Hún nær til pappírsgagna og rafrænna kerfa þar sem finna má persónuupplýsingar. Þá tekur hún til allrar meðferðar slíkra upplýsinga, svo sem söfnunar, skráningar, notkunar, miðlunar o.fl. Einnig nær hún til allra stjórnenda og starfsmanna sem vinna með persónuupplýsingar í starfi sínu hjá sveitarfélaginu. Enn fremur tekur hún til allra verktaka og þjónustuaðila sem meðhöndla slíkar upplýsingar fyrir hönd Hveragerðisbæjar.

Persónuverndarstefna þessi gerir sérstaklega miklar kröfur til þeirra sem vinna með viðkvæmar persónuupplýsingar á ábyrgð sveitarfélagsins. Með viðkvæmum persónuupplýsingum er t.d. átt við upplýsingar um kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífskoðun, stéttarfélagsaðild, heilsufar, kynlíf, kynhneigð, erfðir og lífkenni.

3. Verklag

3.1. Persónuverndarfulltrúi

Hjá Hveragerðisbæ skal starfa persónuverndarfulltrúi sem hefur sérþekkingu á lögum og lagaframkvæmd á sviði persónuverndar. Gæta skal að því að hann hafi ekki með höndum önnur verkefni eða skyldustörf sem ekki samræmast hlutverki persónuverndarfulltrúa.

Persónuverndarfulltrúi hefur eftirlit með að sveitarfélagið fylgi persónuverndarlögum og persónuverndarstefnu þessari. Hann skal vera stjórnendum og starfsfólki innan handar vegna álitæfna sem

upp kunna að koma. Stjórnendur og starfsfólk skulu gæta að því að persónuverndarfulltrúi komi tímanlega og með viðeigandi hætti að öllum verkefnum sem varða persónuvernd í starfsemi sveitarfélagsins.

Persónuverndarfulltrúi er tengiliður við einstaklinga sem eiga hagsmuna að gæta („hina skráðu“) og stofnunina Persónuvernd þegar svo ber undir.

3.2. Lögmæt meðferð persónuupplýsinga

Öll söfnun, skráning, skoðun, miðlun og önnur meðferð persónuupplýsinga hjá Hveragerðisbæ skal styðjast við heimild í persónuverndarlögum eða öðrum sérlögum. Sveitarfélagið fer með lögbundið hlutverk og vinnur því gjarnan með persónuupplýsingar á grundvelli lagaskyldu og við beitingu opinbers valds, sbr. 3. og 5. töluliðar 9. gr. persónuverndarlaga. Þegar þeim heimildum sleppir skal ganga úr skugga um að önnur heimild standi til vinnslunnar.

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar á borð við kynþátt, þjóðernislegan uppruna, stjórnmalaskoðanir, trúarbrögð, lífsskoðun, stéttarfélagsaðild, heilsufar, kynlíf, kynhneigð, erfðir og lífkenni skal auk framangreinds tryggja að eitthvert þeirra heimildarákvæða sem tiltekin eru í 1. mgr. 11. gr. persónuverndarlaga eigi jafnframt við.

3.3. Sanngjörn og gagnsæ meðferð

Hjá Hveragerðisbæ skal þess gætt að öll meðferð persónuupplýsinga sé sanngjörn og gagnsæ gagnvart þeim einstaklingi sem upplýsingarnar eru um. Veita skal viðkomandi allar upplýsingar sem persónuverndarlög gera kröfu um, svo sem upplýsingar um:

- hvernig má hafa samband við Hveragerðisbæ og persónuverndarfulltrúa;
- hver tilgangur og lagagrundvöllur vinnslunnar er;
- hverjir muni fá upplýsingarnar í hendur;
- varðveislutíma upplýsinganna;
- réttindi sem viðkomandi nýtur í persónuverndarlegu tilliti;
- rétt viðkomandi til að leggja fram kvörtun hjá Persónuvernd.

Framagreindar upplýsingar skulu staðsettar á áberandi stöðum, svo sem á umsóknarformum þegar því verður við komið og áberandi stað á heimasíðu sveitarfélagsins.

3.4. Skýr og málefnalegur tilgangur

Persónuupplýsingar skulu fengnar í skýrum og málefnalegum tilgangi. Með skýrum tilgangi er átt við að ástæður upplýsingasöfnunar liggi fyrir með skýrum hætti áður en hún fer fram. Með málefnalegum tilgangi

er átt við að upplýsingasöfnun fari fram í tengslum við starfsemi Hveragerðisbæjar. Þegar upplýsinga hefur verið aflað um einstaklinga í ákveðnum tilgangi er óheimilt að nota þær í öðrum ósamrýmanlegum tilgangi.

3.5. Meðalhóf og lágmörkun gagna

Öll söfnun, skráning, skoðun, miðlun og önnur meðferð persónuupplýsinga í starfsemi Hveragerðisbæjar skal vera nægileg, viðeigandi og takmörkuð við það sem nauðsynlegt þykir. Með því er átt við að ekki skal safna persónuupplýsingum nema nauðsyn beri til, til dæmis vegna afgreiðslu umsóknar. Jafnframt er átt við að ekki skal safna ítarlegri upplýsingum um einstakling en þörf er á.

3.6. Áreiðanleiki upplýsinga

Rangar eða villandi upplýsingar geta valdið þeim sem upplýsingarnar eru um óhagræði og tjóni. Því skal gæta að því að persónuupplýsingar sem Hveragerðisbær vinnur með séu áreiðanlegar og uppfærðar eftir þörfum. Þær skulu vera réttar á þeim tíma sem vinnsla fer fram og endurspegla á hlutlægan hátt þann veruleika sem verið er að lýsa.

3.7. Varðveisla persónuupplýsinga

Persónuupplýsingar skulu varðveittar hjá Hveragerðisbæ í þann tíma sem lög kveða á um, einkum lög nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Þegar ekki er þörf á að hafa persónuupplýsingar lengur undir höndum, og lög heimila, skal eyða þeim með öruggum hætti.

3.8. Öryggi persónuupplýsinga

Hveragerðisbær skal meta áhættu og gera ráðstafanir, bæði hvað varðar tækni og skipulag, sem miða að því að tryggja örugga meðferð persónuupplýsinga. Aðgangi skal stýrt að skjölum, kerfum og húsnæði sveitarfélagsins og takmarka við þá sem á honum þurfa að halda starfs síns vegna. Upplýsingar skulu ávallt vera aðgengilegar þeim sem aðgangsheimild hafa. Þá skal gæta að því að stjórnendur og starfsmenn fái reglubundna þjálfun og fræðslu um hvernig gæta skuli að persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga.

3.9. Þjónustuaðilar

Hveragerðisbær notar upplýsingatæknikerfi sem auðvelda móttöku, skráningu, varðveislu og miðlun upplýsinga. Öll slík kerfi skulu uppfylla ítrustu öryggiskröfur og skal þess sérstaklega gætt að miðlun persónuupplýsinga út fyrir Evrópska efnahagssvæðið eigi sér ekki stað nema lög heimili. Áður en kerfi er tekið í notkun skal kalla eftir gögnum frá þjónustuaðila, eftir artvikum frá seljanda, sem sýna fram á að kerfið uppfylli kröfur persónuverndarlaga.

Þjónustuaðilar kunna að hafa aðgang að gögnum í kerfum Hveragerðisbæjar ef það er nauðsynlegt vegna þjónustu þeirra við kerfin. Áður en þjónusta þeirra er nýtt skulu þeir reiða fram gögn sem sýna fram á reglufylgni við persónuverndarlög. Þá skal gerður sérstakur vinnslusamningur við þjónustuaðila sem kveður á skyldu hans um að tryggja trúnað og örugga meðferð persónuupplýsinga.

3.10. Frávik og brestur á öryggi

Með frávik er átt við alla meðferð persónuupplýsinga sem ekki samræmist persónuverndarlögum, persónuverndarstefnu þessari eða öðrum verklagsreglum sveitarfélagsins sem miða að því að tryggja lögmæta og örugga meðferð persónuupplýsinga. Með brest á öryggi er átt við þau tilvik þar sem óviðkomandi fær aðgang að persónuupplýsingum, þær verða óaðgengilegar eða þeim ranglega breytt.

Öll frávik skal rannsaka með viðhlítandi hætti og ráðstafanir skulu gerðar í þeim tilgangi að tryggja að sambærilegt atvik endurtaki sig ekki. Halda skal utan um öll frávik í sérstöku frávikarskráningarkerfi. Þegar öryggi persónuupplýsinga brestur skal, þegar við á, tilkynna Persónuvernd og þeim einstaklingum sem upplýsingarnar varða um atvikið með viðeigandi hætti.

Starfsmönnum ber að tilkynna yfirmanni án tafar um hvert það frávik eða brest á öryggi sem upp kemur í starfsemi Hveragerðisbæjar. Stjórnendum ber að tilkynna persónuverndarfulltrúa um slíkt hið sama án tafar.

3.11. Réttindi einstaklinga

Einstaklingar eiga tiltekin réttindi samkvæmt persónuverndarlögum, svo sem rétt á að afturkalla samþykki, fá aðgang að gögnum, fá rangar eða villandi upplýsingar leiðréttar, persónuupplýsingum verði eytt, hindra að unnið verði með persónuupplýsingar, andmæla, flytja eigin gögn og að ekki verði tekin ákvörðun eingöngu á grundvelli sjálfvirkrar gagnavinnslu. Þessi réttindi eru ekki fortakslaus og ráðast af atvikum hverjum sinni, einkum m.t.t. eðli þeirrar starfsemi sem um ræðir.

Einstaklingum skal í öllum tilfellum gefinn kostur á að láta reyna á rétt sinn með því að senda inn formlega beiðni til sveitarfélagsins. Beiðni skal afgreidd innan 30 daga. Frestinn má framlengja um tvo mánuði ef beiðnin er umfangsmikil.

3.12. Ábyrgðarskylda

Hveragerðisbær skal skjalfesta á fullnægjandi hátt hvernig kröfum persónuverndarlaga og persónuverndarstefnunnar er mætt. Halda skal aðgengilega skrá yfir kerfi, birgja, ferla og frávik. Þá skal skjalfesta áhættur og ráðstafanir sem sveitarfélagið viðhefur til að tryggja lögmæta og örugga meðferð persónuupplýsinga.

Forstöðumenn/stjórnendur annast framangreinda skjalavinnslu í samráði við persónuverndarfulltrúa.

3.13. Viðurlög

Öllum þeim sem persónuverndarstefna þessi tekur til ber að starfa í samræmi við hana. Brot sem framin eru af ásetningi eða stórfelldu gáleysi geta varðað áminningu eða brottrekstri úr starfi.

4. Ábyrgð

Bæjarstjórn / bæjarstjóri:

- ber ábyrgð á að persónuverndarlögum og persónuverndarstefnu þessari sé fylgt;
- ber ábyrgð á að innan sveitarfélagsins starfi persónuverndarfulltrúi sem hefur hæfi, þekkingu, getu og tíma til að sinna hlutverkinu;
- skal gæta að því að persónuverndarfulltrúi hafi næg úrræði.

Forstöðumenn / Sviðsstjórar:

- bera ábyrgð á og hafa eftirlit með að sitt svið starfi í samræmi við persónuverndarstefnu þessa og aðrar verklagsreglur sem settar eru á grundvelli hennar;
- leita tímanlega ráða hjá persónuverndarfulltrúa vegna álitaefna sem upp kunna að koma á sviði persónuverndar;
- upplýsa persónuverndarfulltrúa tímanlega og með viðeigandi hætti um öll þau atvik sem varða frávik í persónuvernd og upplýsingaöryggi;
- annast beiðnir frá einstaklingum sem heyra undir þeirra svið í samráði við persónuverndarfulltrúa;
- annast skjalavinnslu sem sýna fram á reglufyllgni sviðsins í samráði við persónuverndarfulltrúa.

Starfsmenn:

- skulu starfa í samræmi við persónuverndarstefnu þessa og aðrar verklagsreglur sem settar eru á grundvelli hennar;
- leita tímanlega ráða hjá persónuverndarfulltrúa vegna álitaefna sem upp kunna að koma á sviði persónuverndar í samráði við yfirmann;
- skulu tilkynna yfirmanni um hvert það frávik sem varðar persónuvernd og upplýsingaöryggi.

Persónuverndarfulltrúi:

- hefur eftirlit með að sveitarfélagið fylgi persónuverndarlögum;
- er starfsfólki og stjórnendum innan handar vegna álitaefna sem upp kunna að koma á sviði persónuverndar;

- annast skjalavinnslu sem sýnir fram á reglufylgni Hveragerðisbæjar í samráði við forstöðumenn/sviðsstjóra;
- sinnir reglulegri fræðslu og þjálfun starfsmanna er varðar persónuvernd og öryggi persónuupplýsinga; 6
- annast samskipti við hina skráðu og Persónuvernd þegar við á.